

Aquilina ofl. gegn Möltu

Dómur frá 14. júní 2011

Mál nr. 28040/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Skyldur blaðamanna.

1. Málsatvik

Kærandur, Victor Aquilina, Sharon Spiteri og Austin Bencini, eru maltneskir ríkisborgarar. Þau störfuðu sem ritstjóri, blaðamaður og prentari hjá blaðinu Times of Malta. Þann 20. júní árið 1995 var einn kæranda að fylgjast með réttarhaldi yfir manni sem ákærður hafði verið fyrir fjölkvæni. Mikið fjöðrafok varð í dómsalnum þann dag þar sem verjandi hins ákærða kom ekki til dómþings en orðrómur var uppi um að þetta hefði verið vegna deilna hans og skjólstæðingsins um þóknun lögmannsins. Kærandi fékk þær upplýsingar frá þeim sem viðstaddir voru dómþingið að dómari hefði komist að þeirri niðurstöðu að með því að hafa ekki mætt fyrir dóm hefði lögmaðurinn sýnt réttinum vanvirðingu. Í kjölfarið skrifaði kærandi grein þar sem fram kom að dómstóllinn hefði ávítað lögmanninn fyrir að sýna réttinum vanvirðingu með því að mæta ekki í þinghald. Lögmaðurinn hafði strax samband við blaðið og benti á að í bókun úr þinghaldi kæmi hvergi fram að hann hefði verið ávittur. Daginn eftir að lögmaðurinn hafði samband birti blaðið leiðréttingu á frétt sinni. Lögmaðurinn höfðaði engu að síður meiðyrðamál á hendur kærendum og árið 1999 voru þau sakfelld fyrir meiðyrði og gert að greiða rúmar 720 evrur í bætur. Hæstiréttur landsins og stjórnlagadómstóll staðfestu þessa niðurstöðu þrátt fyrir að aðrir sem viðstaddir höfðu verið réttarhöldin, til að mynda saksóknarinn í málinu, vitnuðu til um að hafa, líkt og kærandi, talið að lögmaðurinn hefði verið ávittur. Stjórnlagadómstóllinn tók fram að gera yrði þá kröfu til fréttamanna að þeir greindu rétt frá staðreyndum mála og forðuðust að afvegaleiða almenning með röngum frétt aflutningi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram sakfelling maltneskra dómstóla vegna ærumeiðinga bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Dómstóllinn tók fram dómur landsdómstólanna þriggja hefðu takmarkað tjáningarfrelsi kæranda. Takmörkunin hefði hvílt á lagaheimild og þjónað þeim lögmæta tilgangi að vernda mannorð annarra. Að mati dómstólsins var lykilatriði í málinu að meta annars vegar hvort kærandur áttu kost á að staðreyna atvik málsins áður en fréttin birtist í blaðinu og hins vegar hvort að kærandur hefðu uppfyllt skyldur sínar sem blaðamenn.

Hvað fyrri atriðið varðaði leit dómstóllinn til þess að þótt lögmaðurinn hefði ekki formlega verið ávittur fyrir að vanvirða réttinn bentu öll gögn og vitnisburðir þeirra sem viðstaddir voru þinghaldinu til þess að svo hefði verið. Sjálfur saksóknarinn í málinu hafði borið um það vitni fyrir dómi að hann teldi að lögmaðurinn hefði verið ávittur. Dómstóllinn fann enga skýringu á því hvers vegna landsdómstólar tóku ekki tillit til þessara atriða þegar dómur var kveðin upp yfir kærendum.

Dómstóllinn taldi að kærandur hefðu eftir bestu getu reynt að ganga úr skugga um sannleiksgildi fréttar sinnar áður en hún var birt. Ekki hefði verið hægt að ætlast til þess að kærandur hefðu framkvæmt frekari rannsóknarvinnu þar sem slíkt hefði óhjákvæmilega frestað birtingu fréttarinnar og þar með dregið úr áhuga á henni og svipt hana gildi sínu. Þá varð að líta til þess að blaðið birti strax daginn eftir leiðréttingu. Það varð því ekki annað séð en að kærandur hefðu uppfyllt skyldur sínar sem blaðamenn til hins ýtrasta.

Þar sem fyrrgreind skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi til að vernda mannorð annarra, komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Möltu gert að greiða kærendum 4.000 evrur í miskabætur og 4.000 evrur vegna málskostnaðar.